

Nd.

692. Frumvarp til laga

[8. mál]

um Landsbókasafn.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafnsins er:

1. Að annast söfnun og varðveislu íslenskra rita og rita, er varða Ísland eða íslensk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenskri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenskra bókmennta og íslenskrar menningar á erlendum vettvangi;
5. að efla bókfræðiiðkanir, m. a. með því að gefa landsmönnum kost á að kynna sér innlendar og erlendar bækur, sem í safninu eru.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli á íslenzku eða því, sem Ísland og íslensk málefni varðar. Það skal varðveita ónotað eitt eintak af öllu íslenzku prentmáli, sem kostur er á, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafnið varðveitir handritasafn og skal vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu. Það skal vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenzkum handritum, ef frumritin eru eigi fáanleg.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknnum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við Háskólabókasafn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir söfn þessi, og má fela Háskólabókasafni forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs.

8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar allt að 6 bókaverði, að fengnum tillögum landsbókavarðar.

9. gr.

Laun landsbókavarðar og bókavarða fara eftir launalögum.

10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til. Háskólaráð skipar safninu ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim fræðigreinum, sem ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókavörður skal leita tillagna ráðunautanna um bókakaup til safnsins.

11. gr.

Íslenzk tónverk og prentmyndir falla undir ákvæði laga þessara.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

13. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 56 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög nr. 33 4. júní 1924, um sameiningu yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.